

Verði félög þau, sem aðild eiga að sjálfseignarstofnuninni færri en fimm eða félögum fækkar svo vegna ákvörðunar þeirra um að hætta afskiptum af sjálfseignarstofnuninni, skal fjölga fulltrúum, sem félögin tilnefna í fulltrúaráðið þannig, að ætíð sé unnt að kjósa stjórn og varastjórn úr hópi fulltrúaráðsmanna.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari getur fulltrúaráðið ekki breytt nema með $\frac{2}{3}$ atkvæða allra fulltrúaráðsmanna, en þó því aðeins að Stjórnarráð Íslands (það ráðuneyti sem fer með staðfestingar skipulagsskráa) staðfesti þær.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár Heimilis fyrir aldraða í Grindavík sem staðfest var 8. júlí 1983, nr. 499/1983.

21. maí 1987

REGLUGERÐ

Nr. 241

um breyting á reglugerð nr. 449/1982, um geislavarnir.

1. gr.

2. málsgrein 3. gr. orðist svo:

Skoðunargjald að upphæð kr. 8 000 skal fylgja með umsókn.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 117/1985, um geislavarnir, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. maí 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Jón Ingimarsson.

21. maí 1987

AUGLÝSING

Nr. 242

um breyting á gjaldskrá frá 20. mars 1987 vegna eftirlits á vegum

Geislavarna ríkisins fyrir árið 1987.

1. gr.

Ný 4. grein orðist svo:

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 4 000.

Fyrir hvert vottorð, sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 1 000.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er að fengnum tillögum stjórnar Geislavarna ríkisins, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 117/1985, um geislavarnir.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. maí 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Jón Ingimarsson.